

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2012

2012/EES/50/11

frá 30. apríl 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 890/2010 frá 8. október 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýrarikinu í tengslum við efnið derkvantel ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 914/2010 frá 12. október 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýrarikinu í tengslum við efnið natriumsalisýlat ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0890**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 890/2010 frá 8. október 2010 (Stjtið. ESB L 266, 9.10.2010, bls. 1),
- **32010 R 0914**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 914/2010 frá 12. október 2010 (Stjtið. ESB L 269, 13.10.2010, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 890/2010 og 914/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 266, 9.10.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 269, 13.10.2010, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.